

7. gr.

Þóknun fyrir starf eftirlitsmanns skal greiða að hálfu úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) og að hálfu úr ríkissjóði. Yfirdýralæknir ákveður þóknun til eftirlitsmanna og úrskurðar ferða- og kostnaðarreikninga þeirra. Bóluefni, útbúnað til bólusetningar og kaup bólusetningarmanna skal greiða úr viðkomandi sveitarsjóði (bæjarsjóði), en þeim kostnaði má síðan deila niður á fjáreigendur í hlutfalli við bólusettingu.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 553 15. nóvember 1991.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

3. nóvember 1997

Nr. 639

AUGLÝSING

um umferð á Hellu og við Gunnarsholt.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Rangárvallahrepps, hefur verið ákveðið:

1. Biðskylda verði á nýrri tengibraut milli Dynskála og Suðurlandsvegjar gagnvart umferð á Suðurlandsvegi.
2. Biðskylda verði á nýrri tengibraut milli Dynskála og Suðurlandsvegjar gagnvart umferð á Dynskálum.
3. Biðskylda verði á Dynskálum (fyrir austan fuglasláturhús Reykjagarðs hf.) gagnvart umferð á Suðurlandsvegi.
4. Biðskylda verði frá afleggjara að Gunnarsholti og Akurhól gagnvart umferð á vegi nr. 264.
5. Biðskylda verði á heimreið frá bílastæði við skrifstofu Landgræðslu ríkisins gagnvart umferð á afleggjara að Gunnarsholti og Akurhól.

Viðeigandi umferðarmerki hafa verið sett upp, til leiðbeiningar öikumönnum.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu, Hvolsvelli, 3. nóvember 1997.

Friðjón Guðröðarson.